

### Úrskurður 3/2006.

**Kært er bindandi álit tollstjóra um tollflokkun á TViX hýsingum. Kærandi krefst þess að álit tollstjóra verði fellt úr gildi og tækin flokkuð í 84 kafla tollskrár. Ríkistollanefnd staðfesti tollflokkun hins kærða álits.**

Með bréfi, dags. 24. ágúst 2006 sem barst nefndinni 28. s.m. kærir L., f.h. A., bindandi álit tollstjóra dags. 17. júlí 2006, um tollflokkun TViX hýsinga. Tollstjóri flokkar tækin í tnr. 8521.9029. Kærandi krefst þess aðallega að álit tollstjóra verði fellt úr gildi og varan verði flokkuð í tnr. 8473.3000. Varakrafa kæranda er að álit tollstjóra verði fellt úr gildi og varan verði flokkuð í tnr. 8471.4109 og þrautavarakrafa hans er að álit tollstjóra verði fellt úr gildi og varan verði flokkuð í tnr. 8471.6000.

Í kæru lögmannsins eru málsatvik rakin, en þar segir m.a. að varan hafi komið til landsins þann 28. apríl 2006 og að starfsmaður tolladeildar Jóna transport hf. hafi flokkað hana í tollflokk 8520.9003; „segulbandsupptökutæki og önnur hljóðupptökutæki, einnig með búnaði til endurskila á hljóði“, sem ætluð eru til „upptöku á minnisflögur/kubba“. Þann 9. maí s.l. endurskoðaði tollstjóri tollflokkunina og samþykkti hana.

Þá segir að þann 29. maí s.l. hafi tollflokkun vörunnar komið til frekari endurskoðunar hjá tollstjóra. Eftir þá skoðun hafi verið ákveðið að setja vöruna í tollflokk 8521.9029, sem eru „önnur“ tæki sem falla undir fyrirsögn flokksins „myndupptökutæki eða myndflutningstæki (video) einnig með innbyggðum myndmóttakara (video tuner) þetta sé sami tollflokkur og tollstjóri tollflokki myndbandstæki. Kærandi segist ósammála þessari niðurstöðu.

Þann 10. júlí 2006 óskaði kærandi eftir bindandi álit um tollflokkun vörunnar skv. 21. gr. tollalaga nr. 88/2005. Ítarleg lýsing á eiginleikum vörunnar var send tollstjóra. Einnig var tæknimaður sendur til embættisins til að útskýra frekar virkni vörunnar. Þetta hafi verið gert í þeim tilgangi að sýna starfsmönnum embættisins fram á að varan ætti ekki heima í tollflokki 8521.9029.

Tollstjóri gaf út bindandi álit um tollflokkun vörunnar þann 17. júlí 2006. Þrátt fyrir andmæli kæranda var varan látin í sama flokk og áður, þ.e. í tollflokk 8521.9029. Í rökstuðningi var í fyrsta lagi vísað til almennra reglna um túlkun tollskrár, nr. 1 og 6. Í öðru lagi var vísað til eftirfarandi skýringa í „Explanatory Notes “ Alþjóðatolla-stofnunarinnar við vörulið 8521: „The heading also includes apparatus which record generally on a magnetic disc, digital code representing video images and sound, by transferring the digital code from an automatic data processing machine (e.g. digital video recorders)“.

Þar sem í 4. mgr. 21. gr. l. nr. 88/2005 kemur fram að í álit tollstjóra skuli koma fram „í meginatriðum“ á hvaða rökum niðurstaða er byggð má gera ráð fyrir því að varan hafi verið sett í flokk 8521.9029 af þeirri ástæðu að tollstjóri hafi talið að um væri að ræða vöru sem hægt væri að nota til upptöku á hljóð- og myndefni.

Kærandi telur tollflokkun skv. bindandi álit tollstjóra ekki standast. Samkvæmt rökstuðningi var varan flokkuð í tollflokk 8521.9029 af þeirri ástæðu að hægt væri að taka upp myndefni með vörunni, líkt og t.a.m. með myndbandstækjum, sbr. orðalag rökstuðnings tollstjóra „The heading also includes apparatus which record“.

Aðalkrafa kæranda miðast við að ef varan sé tollflokkuð í því formi sem hún er flutt inn, þ.e. án harðs disks þá sé hún ekki nýtanleg til upptöku, geymslu né spilunar á nokkru efni, ólíkt öðrum þeim vörum sem eiga undir vörulið 8521. Jafnvel þegar búið sé að setja harðan disk í TViX hýsinguna, þá sé varan ætluð sem handhæg geymslueining fyrir tölvuskrár á borð við jpg ljósmyndir, .avi kvikmyndir, mp3 tónlist o.s.frv. Geymslueiningin hafi tengimöguleika við sjónvarps- og tölvuskjá til að skila myndefni. Til að hlusta á tónlist þurfi aftur á móti að tengja vöruna við straum eða magnara. Ekki sé hægt að hlusta á tónlist með því að tengja heyrnartól við TViX hýsinguna.

Hins vegar sé ekki undir nokkrum kringumstæðum, ekki einu sinni eftir að búið sé að láta harðan disk í vöruna, hægt að taka upp myndir eða hljóðefni með TViX hýsingunni. Því sé varan eðlisólík þeim vörum sem sé að finna í tollflokknum. Þetta hafi komið skýrt fram í beiðninni um bindandi upplýsingar um tollflokkun til tollstjóra. Því sé fjarstæðukennt að setja vöruna í tollflokk með upptökutækjum. „TViX án harðdisk virkar alls ekki. Eftir að búið er að setja harðdisk í TViX sé ekki hægt að taka upp myndir eða hljóðefni á TViX....”. Þetta komi fram í kynningarbæklingi um TViX hýsingar.

Kærandi bendir á að í vörulið 8521 séu vörur sem aðallega eða eingöngu eru hannaðar til upptöku og/eða endurskila á mynd. En Tvix hýsingin hafi mun fjölbreyttari nýtingarmöguleika en myndbandsupptökutæki. Eftir að búið sé að setja harðan disk í vöruna, sé í senn um að ræða handhæga geymslueiningu fyrir tölvuskrár, spilara fyrir tónlistarskrár, myndefni og ljósmyndir. Kærandi mótmælir því að varan sé látin í tollflokk eftir einum notkunarmöguleika hennar, þ.e. þeim að hægt sé að nota vöruna til skila á myndefni. Varan sé þannig t.a.m. ekki frekar spilari fyrir myndefni en spilari fyrir hljóðefni eða handhæg geymslueining fyrir tölvuskrár. Varan sé nýtileg til margvíslegra hluta og undir hverjum notanda fyrir sig komin.

Varan sé því, ólíkt öðrum vörum í vörulið 8521, hún sé ekki aðallega eða eingöngu ætluð til upptöku eða endurskila á mynd. Enn fremur er þess getið að í vörunni sé hvorki innbyggt né fánlegt „TV-Tuner”kort (Sjónvarpskort).

Kærandi telur því að varan ætti frekar að vera flokkuð í tollflokk 8473.3000 sem er „hlutir og fylgihlutir til véla í nr. 8471”. Tollflokkur 8471 er: „Sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar til þeirra; lesarar og segulletur eða ritletur, vélar til að umskrá gögn á gagnamiðla á táknmáli og vélar til að vinna úr slíkum gögnum, ót.a.”

Hægt sé að líkja TViX hýsingum við s.k. „barebone” tölvur. Það séu samsettar vélar án örgjörva, harðdisks, minnis- eða drifa, þ.e. eingöngu með móðurborð og aflagjafa. Slíkar vélar séu flokkaðar í tollflokk 8473.3000. Einnig væri hægt að líkja TViX við s.k. „turnkassa” sem eru með móðurborði og spennugjafa og eru einnig flokkaðir í tollflokk 8473.3000.

Það sem gerir þessar vörur líkar TViX hýsingunni, fyrir utan svipaða notkunarmöguleika, sé að án aukahluta þá virka þær alls ekki. „Barebone” tölvur geta til að mynda skilað hljóði og mynd líkt og TViX hýsingin, en einungis ef bætt er við hörðum disk, vinnsluminni og drifi. Á sama hátt þurfi að bæta hörðum disk í TViX hýsinguna til að hún skili hljóði og mynd. Kærandi telur því vöruna eiga meira sameiginlegt með ósamsettum ferðatölvum og skyldum vörum sem falla undir vörulið 8473 en myndbandstækjum og skyldum vörum í vörulið 8521.

Kærandi telur hugsanlegt, þó að það komi reyndar ekki berum orðum fram í rökstuðningi á hinu kærða álit tollstjóra að hann hafi flokkað vöruna í vörulið 8521 þar sem varan ber heitið „multi media player”, ( „margmiðlunarspilari”). Flestir slíkir margmiðlunarspilara geti tengst sjónvarpsútsendingum, t.a.m. Sky Box. Það getur hins vegar TViX hýsingin ekki. Hið eina sem TViX hýsingin á sameiginlegt með myndbandstækjum eða slíkum margmiðlunarspilurum sé að mögulegt er að tengja hana við skjá og spila myndefni milliliðalaust, svo framarlega sem bætt hafi verið við hana a.m.k. hörðum disk, en án hans er varan ónothæf með öllu. Slík not séu þó ekki endilega meginnotin sem hafa má af vörunni, heldur einungis einn af mörgum möguleikum á nýtingu vörunnar.

Vara- og þrautavarakröfur kæranda miðast við að ríkistollanefnd telji að tollflokka eigi vöruna eins og hún er eftir að búið er að setja í hana harðan disk, en ekki í því formi sem varan er flutt inn í. Vara- og þrautavarakröfur kæranda styðjast þannig við lið 2 í almennum reglum um túlkun tollskrár, sem tekur til ófullgerðra vara sem líta að öllu eða verulegu leyti út eins og hinar fullgerðu vörur. Varakrafa kæranda er að varan verði flokkuð í tollflokk 8471.4109 („aðrar” sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar til þeirra). Í athugasemd 5D við 84. kafla tollskrár segir að diskageymslueiningar falli undir tollflokk 8471 ef þær uppfylla skilyrði b og c liða athugasemdar 5B. Í b og c liðum er um að ræða skilyrði um tengjanleika vélar við miðstöð og möguleika á flutningi gagna með vélinni. Þau skilyrði eru uppfyllt í tilviki TViX hýsingarinnar þegar búið er að setja harðan disk í vöruna. TViX er þannig diskageymslueining sem er tengjanleg við miðstöð, beint í gegnum aðra einingu eða einingar. TViX hýsingin getur einnig, eftir að harður diskur hefur verið settur í vöruna, tekið á móti gögnum í því formi sem kerfið getur notað, sbr. fskj. 2. Skilyrði flokkunar í vörulið 8471 eru þ.a.l. ótvírætt uppfyllt. Þrautavarakrafa er að varan verði flokkuð í tollflokk 8471.6000 (sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar til þeirra; inn- eða úttakseiningar). Um þetta vísast einnig til athugasemdar 5 við 84. kafla tollskrár.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar með bréfi þann 29. ágúst 2006. Í svari sem barst nefndinni þann 20. september s.á. segir m.a. að umræddar hýsingar séu tæki þar sem hlaða megi inn MP3 tónlist, JPG ljósmyndum, AVI kvikmyndum gegnum tölvu. Eins sé unnt að hlaða inn í tækin ljósmyndum beint úr stafrænni myndavél og einnig sé unnt að nota TViX sem venjulegan harðdiskaflakkara sem tengist tölvu. Tengja þarf tækin við magnara svo unnt sé að hlusta á tónlist og við tölvuskjá eða sjónvarp til að unnt sé að horfa á AVI kvikmyndir eða skoða JPG ljósmyndir.

Þá segir í greinargerðinni að í umfjöllun kæranda um málsatvik komi fram að tollstjóri hafi þrátt fyrir andmæli kæranda sett vöruna í sama tollflokk og tollstjóri hafi flokkað myndbandstæki. Tollstjóri tekur fram að honum hafi ekki verið kunnugt um tilgreind andmæli kæranda fyrr en kæra hans til ríkistollanefndar barst embættinu til umsagnar. Þá tekur tollstjóri það fram að rökstuðningur embættisins byggist ekki á því að það hafi talið að um væri að ræða tæki sem hægt væri að nota til upptöku á hljóð- og myndefni þó það hafi orðið niðurstaðan. Rökstuðningur tollstjóra byggist á ákvæðum almennra túlkunarreglna tollskrár nr. 1 og 6 auk tilvísunar í Skýringabækur Alþjóðastofnunarinnar.

Tollstjóri mótmælir ekki því sem fram kemur í kærinni, þ.e. að tækin séu ekki nýtanleg til upptöku, geymslu né spilunar, án harða disksins, en segir það ekki hafa áhrif á tollflokkan tækjanna. Í því sambandi bendir hann á túlkunarreglu 2 a sem kærandi víki raunar að í rökstuðningi sínum.

Tollstjóri bendir á að enda þótt tæki búi yfir fjölbættum notkunarmöguleikum eða sé sett saman úr fleiri en einu tæki þá sé ekki annað hægt en að finna einn tollflokk fyrir það. Til að leysa úr vandkvæðum við flokkun slíkrar vöru sé beitt athugasemdum 3 eða 4 við flokk XVI og til vara túlkunarreglu 3 c.

Varðandi það álit kæranda að hann telji að varan eigi frekar að flokkast sem fylgihluti með tölvum eða myndavélum telur tollstjóri að tækin geti ekki talist vera fylgihlutur, heldur sjálfstæð tæki þó þau geti ekki unnið án tengingar við annan búnað. Þessu til stuðnings vísar tollstjóri til tölvuskeytis sem hann aflaði frá framleiðanda vörunnar Dvico en þar kemur fram að þeir telji að flokka beri tækið í HS nr. 8522-90 sem er m.a. fylgihlutur við vörur í vörulið 8521.

Til stuðnings niðurstöðu embættisins vísar tollstjóri til fjölmargra álita (BTI) frá nokkrum Evrópusambandslöndum um m.a. umrædd tæki og önnur sams konar eða hliðstæð.

Tollstjóri telur að vísun kæranda til I athugasemdar 5 D við 84. kafla tollskrár til að rökstyðja varakröfu sína eigi einfaldlega ekki við um þessi tæki, sbr. athugasemd 5 E við 84. kafla.

Tollstjóri gerir því þá kröfu að álit hans frá 17. júlí 2006 verði staðfest um að tollflokka beri umrædd tæki TViX C 2000U og TViX HD M-5000 í tollflokk 8521.9029 með sömu rökum og í álitinu greinir með vísan í athugasemdir 3 og 4 við flokk XVI og athugasemd 5 E við kafla 84.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi þann 22. september 2006. Í svari sem barst nefndinni þann 23. október s.l. kemur m.a. fram að kærandi telur verulega annmarka vera í röksemdafærslu tollstjóra með hinu kærða áliti og í greinargerð hans.

Hvergi í rökstuðningi í hinu kærða áliti komi fram að beitt væri túlkunarreglu 2 a við tollskrá. Kærandi leit því svo á að vörunar væru ekki tollflokkaðar sem ófullgerðar eða ósamsettar. Sú ályktun er enda eðlileg þar sem í fyrsta lagi hvíldi á tollstjóra lagaskylda til að greina frá meginsjónarmiðum á bak við tollflokkinna, skv. 4. mgr. 21. gr. tollalaga og 22. gr. stjórnsýslulaga. Í öðru lagi taldi tollstjóri upp berum orðum þær túlkunarreglur sem réðu för, þ.e. nr. 1 og 6, en gat hvergi um túlkunarreglu 2 a. Í þriðja lagi er meginreglan sú að vörur eru flokkaðar sem fullgerðar við tollflokkan, en túlkunarregla 2 a er undantekningarregla.

Þannig hafi verið miðað við það í kæru að um væri að ræða tollflokkan á TViX hýsingum eftir þeim eiginleikum og notkunarmöguleikum sem vörunar bjóða upp á í því formi sem þær eru fluttar inn, en ekki eftir að fylgihlutum hefur verið bætt við þær. Við þetta miðaðist aðalkrafa í kæru.

Í svarbréfi tollstjóra vegna kærunnar, dags. 19. september s.l., komi aftur á móti fram að vörunar væru í raun og veru tollflokkaðar sem ófullgerðar eða ósamsettar skv. túlkunarreglu 2 a.

Í rökstuðningi sínum segir kærandi í fyrsta lagi að tækin séu ekki nýtanleg til upptöku, geymslu né spilunar, án harða disksins. Þessu er ekki andmælt af hálfu embættisins en það hefur hins vegar ekki áhrif á tollflokkan að mati þess. Í því sambandi skal bent á túlkunarreglu 2 a...".

Með hliðsjón af framansögðu, og málf lutningi í bréfi tollstjóra, dags. 19. september 2006, telur kærandi nú ljóst að varan hafi verið tollflokkuð sem ófullgerð vara, án þess að getið væri um það í rökstuðningi hins kærða álits. Um þetta vísast einnig til bréfs tollstjóra þar sem hann vísar í athugasemdir 3 og 4 við flokk XVI sem eiga við um ósamsettar vörur. Athugasemda 3 og 4 var ekki heldur getið í hinu kærða áliti, en virðast nú vera helstu málsástæður tollstjóra.

Það hvort vörurnar sem hér er verið að fjalla um séu tollflokkaðar sem fullgerðar eða ófullgerðar sé algert grundvallaratriði við flokkun þeirra þar sem nýtingarmöguleikar eru allt aðrir eftir að búið er að bæta við þær hörðum disk.

Kærandi telur að um alvarleg mistök sé að ræða af hálfu tollstjóra við rökstuðning álitsins enda sé kærandi búinn að miða kæru sína við að túlkunarregla 2 a og aðrar reglur um tollflokkun ófullgerðra vara hafi ekki ráðið för við töku stjórnvaldsákvörðunarinnar.

Kærandi vitnar í fræðirit Dr. Páls Hreinssonar um stjórnsýslurétt og telur að brotið hafi verið á réttindum hans skv. rökstuðningsreglu 22. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 4. mgr. 21. gr. tollalaga nr. 88/2005.

Þegar af þeirri ástæðu beri að fella ákvörðun tollstjóra úr gildi og tollflokka TViX hýsingarnar í samræmi við kröfugerð kæranda.

Þá segir í greinargerð kæranda að umræddar hýsingar séu tæki þar sem hlaða megi inn MP3 tónlist, JPG ljósmyndum, AVI kvikmyndum gegnum tölvu. Eins sé unnt að hlaða inn ljósmyndum beint úr stafrænni myndavél og einnig er unnt að nota TViX sem venjulegan harðdiskaflakkara sem tengist tölvu. Tengja þurfi tækin við magnara svo unnt sé að hlusta á tónlist og við tölvuskjá eða sjónvarp til að unnt sé að horfa á AVI kvikmyndir eða skoða JPG ljósmyndir. Ítrekað er að hýsingarnar geti ekkert af ofansögðu í því formi sem þær eru fluttar inn. Eftir að keyptur hafi verið harður diskur og hann settur í þær þá sé hægt að nota harða diskinn til geymslu á gögnum. Í því ástandi sem hýsingarnar séu þegar þær eru fluttar inn er einungis um að ræða kassa með tengibúnaði. Einnig kemur fram í greinargerðinni að TViX hýsingar af C-2000 gerðinni séu algerlega ónothæfar ef þær eru ekki tengdar við tölvu. TViX HD M-5000 hýsingarnar sé hins vegar hægt að tengja beint við skjá, án tölvu. Þessi greinarmunur skiptir ekki máli, að mati kæranda, ef vörurnar eru flokkaðar sem fullgerðar, þar sem hvorugt virkar án harðs disks. Greinarmunurinn geti hins vegar skipt máli við tollflokkun ef miðað er við nýtingarmöguleika hýsinganna eftir að búið er að setja í þær harðan disk, þ.e. þær eru flokkaðar sem ósamsettar eða ófullgerðar.

Með hliðsjón af takmarkaðri notkunarmöguleikum telur kærandi að a.m.k. ætti aldrei að flokka C-2000 hýsinguna í tnr. 8521.9029.

Kærandi er sammála tollstjóra um að vörurnar verði að setja í einhvern tollflokk. Kjarni málsins sé þó sá að hvorki í því ástandi sem þær séu fluttar inn, né eftir að búið er að láta í þær harðan disk, sé tilefni flokkunar í tnr. 8521.9029, með myndbandsupptökutækjum. Í því formi sem vörurnar eru fluttar inn, séu þær eingöngu nothæfar til að vista harðan tölvudisk. Tollflokkun eigi að taka mið af því.

Kærandi mótmælir þeirri staðhæfingu tollstjóra að tækið geti ekki talist vera fylgihlutur heldur sjálfstæð tæki þó þau geti ekki unnið án tengingar við annan búnað. Ekki einungis geti vörurnar ekki unnið án tengingar, heldur virki þær ekki yfir höfuð án þess að fyrst sé settur í þær harður diskur og þær síðan tengdar við önnur tæki. Fráleitt sé að telja slíkar vörur sjálfstæð tæki.

Þá telur kærandi að tollflokkun framleiðanda tækjanna í vörulið 8522 renni þvert á staðhæfingar stjórnvaldsins, frekari stoðum undir að hýsingarnar séu fylgihlutir með öðrum tækjabúnaði, en ekki sjálfstæð tæki, sbr. fyrirsögn tollflokksins „Hlutar og fylgihlutir sem eingöngu eða aðallega eru nothæfir til tækjabúnaðar í nr. 8519.8521”.

Þá gefur kærandi ekki mikið fyrir álit erlendra töllyfirvalda á tollmeðferð svipaðra tækja þar sem þau séu öll á erlendri tungu, sænsku, dönsku, þýsku, ensku, pólsku o.s.frv. Stjórnvaldið hafi ekki látið þýða fordæmin vegna þessa máls. Í bréfi tollstjóra er það ekki með neinum hætti skýrt af hverju þessar ákvarðanir skyldu hafa fordæmisgildi í þessu máli, hvað sé líkt með þeim málum og þessu máli, hverjar forsendur séu fyrir niðurstöðum o.s.frv. Undir þessum kringumstæðum hefur kærandi engar forsendur til að greina fordæmin og geti því ekki neytt andmælaréttar síns skv. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Fordæmisgildi ákvarðana er því mótmælt.

Miklu nær væri að líta til íslenskra fordæma um tollflokkun sem varða hliðstæð tæki s.s. hinna s.k. „barebone” tölva og „turnkassa”, en báðar vörur eru flokkaðar í tnr. 8473.3000.

Að mati kæranda þá hlýtur úrskurður um tollflokkun að byggjast á því hvaða eiginleikum innflutningsvara búi yfir og hvers eðlis hún sé. Kærandi telur það fullljóst að vörurnar uppfylli ekkert skilyrði flokkunar í tnr. 8521.9029. Ítrekaðar eru gerðar kröfur.

Ríkisstollanefnd hefur haldið fundi um málið og kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Nefndarmenn hafa einnig skoðað tækin og rætt við söluaðila um eiginleika tækjanna. Kært er Bindandi álit tollstjóra, dags. 17. júlí 2006, um tollflokkun TViX hýsinga í tnr. 8521.9029. Deilt er um tollflokkun á TViX C 2000U og TViX HD M-5000 sem eru "geymslueiningar" fyrir stafrænar skrár, s.s. kvikmyndir, tónlist og ljósmyndir. Kærandi krefst þess aðallega að tækið verði flokkað í tnr. 8473.3000. Til vara að tækið verði flokkað í tnr. 8471.4109 og þrautavarakrafa kæranda er að varan verði flokkuð í tnr. 8471.6000 og í öllum tilfellum að álit tollstjóra verði fellt úr gildi.

Við innflutning eru TViX tækin flutt inn án harðs disks (geymslueiningar). Það er því val kaupanda tækisins hverju sinni hve stór geymslueining (harður diskur) er keyptur. Þegar geymslueiningin er komin í tækið getur það flutt mynd, hljóðskrár og svo kallaðar Multimedia skrár í hljómtæki, sjónvarp og tölvu.

Í kynningarbæklingi með vörunni segir: "Njóttu stafrænu myndanna þinna, tónlistar og ljósmynda í TViX. TViX nýtist sem allsherjar margmiðlun, tónlistargeymsla, ljósmyndageymsla og jafnvel sem hreyfanleg geymsla. TViX færir þér alla þína stafrænu þætti heim í stofu þannig að þú getir auðveldlega notið kvikmynda, tónlistar og ljósmynda með fjölskyldu og vinum". Tækin eru notuð til afspilunar í sjónvarp, í hljómtæki og tölvur. Með hörðum disk geta þau tekið upp efni frá tölvum, USB minnislykli og beint af stafrænni myndavél. Ljóst er að tækin virka ekki án harðs disks.

Harði diskurinn í tækjunum verður að vera samhæfður þeim sem algengast er að nota við PC tölvur. Tækin geta notast við harða diska sem eru forsníðnir með NTFS eða FAT32 skráarkerfinu sem algengust eru á PC vélum. Tækin geta tengst PC vélum eða öðrum búnaði með USB 2.0 tengjum. Tækin eru útbúin kubbasetti frá Sigma Design sem sér um mynd- og hljóðvinnslu gagnanna sem vistuð eru á harða diskunum.

Tækin geta geymt mynd- og hljóðskrár, svokallaðar Multimedia skrár. Þau styðja flest skráarsnið svo sem MPEG 1, 2 og 4, geta höndlað mikið magn gagna á NTFS skráarsniði á hörðum disk. Tækin geta einnig vistað hljóðskrár á hörðum disk og flutt hljóðskrár á öllum helstu skráarsniðum svo sem MPEG 3, WMA o.fl. og gert lagalista með lögum á harða diskunum. Tækin styðjast einnig við t.d. JPEG myndstaðalinn.

Tækin nota harðan disk fyrir geymslu á skrá. Harði diskurinn getur verið frá flest öllum framleiðendum harðra diska. Tækin koma með fjarstýringu til að stjórna afspilun hvort sem er á myndum, hljóði eða hvoru tveggja.

Með C2000U tækinu fylgja snúrur til tengingar við sjónvarp A/V, við tölvu USB og við magnara Audio adapter. C2000U tækið styður þrjá tengimöguleika við sjónvarp: Composite output, S-Video output og Component (RGB) output. Tækið styður enn fremur bæði NTSC og PAL staðalinn fyrir sjónvörp. Tækin tengjast sjónvarpi eða hljómflytningstæki með tveggja rása analog útgangi og digital coax. Tengimöguleikar HD M-5000 eru hins vegar fjölbreyttari, en á tækinu er Video-DVI, S-Video, Audio, Coax og LAN net tengi. HD M-5000 tækið getur því tengst netkerfi tölva.

HD M-5000 er fullkomnara en TViX C2000U og hefur lítinn "skjá" en ekki eingöngu ljós líkt og C2000U. Æskilegt er samt að notast við skjá til að stjórna tækjunum en einnig er hægt að stjórna þeim til flutnings á tónlist án þess að skjár sé notaður.

Ágreiningslaust er að tækin flokkist í XVI flokk tollskrár sem inniheldur 84. og 85. kafla tollskrárinnar. Ágreiningur er hins vegar um það í hvorn kaflann tækin skuli flokkast og e.a. í hvaða undirnumeri.

Að mati ríkisstollanefndar er hér um fullbúin tæki að ræða. Vangaveltur í umsögn tollstjóra og tilvísanir til túlkunarreglu 2a, þ.e. um ófullgerða vöru eiga því ekki við að mati nefndarmanna. Tækin eru fullbúin þótt óumdeilt sé að þau "virki" ekki nema búið sé að setja í þau svokallaðan harðan disk. Tækin með ísettum hörðum disk "virka" heldur ekki sjálfstætt, heldur verða þau að tengjast öðru tæki til að hægt sé að nota þau. Sama má segja um fjölmörg önnur tæki sem teljast fullbúin, t.d. myndbandstæki án spólu og ótengt við sjónvarp eða sjálfstæður hátalari ótengdur við önnur tæki. Flestir ættu að vera sammála um að slík tæki teljist fullbúin og eru tollflokkuð sem slík.

Einnig liggur fyrir að framleiðandinn lítur svo á að um fullbúið tæki sé að ræða. Það er síðan val hvers kaupanda hversu stóran harðan disk (geymslueiningu) hann kýs að nota og setja í tækið.

Í vara- og þrautavarakröfu sinni telur kærandi að flokka beri tækin í tnr. 8471: Sjálfvirkar gagnavinnsluvélar og einingar til þeirra; Við mat á þessu ber að skoða 84. kafla tollskrár og athugasemdir við hann. Við þá skoðun liggur fyrir að mati ríkistollanefndar að hér umræddum tækjum er beinlínis vísað frá 84. kafla en í athugasemd 5 E segir orðrétt: “ Vélar sem framkvæma tiltekið verkatriði annað en gagnavinnslu og fela í sér eða vinna í tengslum við sjálfvirka gagnavinnsluvél skulu flokkaðar í viðeigandi vörulið með tilliti til verkatriðis þeirra eða, verði því ekki komið við, í lokavöruliði.” Þá telja nefndarmenn að tækin geti ekki talist gagnavinnsluvélar, sbr. 5. A og 5. B við 84. kafla tollskrár.

Aðalkrafa kæranda er að tækin verði flokkuð í tnr. 8473.3000. Í vörulið 8473 segir: Hlutar og fylgihlutir (þó ekki hlífar, handtöskur og þess háttar), sem eingöngu eða aðallega má nota til véla í nr. 8469-8472: Í undirnúmerinu 8473.3000 segir: Hlutar og fylgihlutir til véla í nr. 8471. Frá framleiðanda tækjanna vel búin til tengingar við önnur tæki en tölvur. Tækin eru þannig útbúin að unnt er að notast við alla algengustu tengimöguleika sem boðnir eru til tengingar við sjónvörp, myndbandstæki, hljómflytningstæki, myndavélar, og tölvur. Þar að auki getur HD M -5000 tengst við flatskjái og Video DVI. Það er því ljóst að frá hendi framleiðandans er lögð áhersla á að jafnframt tengingum við tölvur með USB og nettengi eru tækin mjög vel útbúin fjölmörgum tengimöguleikum við önnur tæki til flutnings á hljóð og/eða myndskrár.

Rétt er að hafa í huga að framleiðandi tækjanna flokkar þau í 85. kafla. Af ýmsum dæmum tollstjóra virðast töllyfirvöld margra Evrópulanda einnig flokka tæki svipaðs eða sambærilegs eðlis í 85. kafla, enda þótt taka verði undir það með kæranda að það liggja ekki fyrir í dæmum tollstjóra hvort um sambærileg tæki sé að ræða, þar sem fullnægjandi tækniupplýsingar liggja ekki fyrir.

Samkvæmt framansögðu telur ríkistollanefnd að hér sé um fullbúið tæki að ræða sem virki ekki sjálfstætt, sé fyrst og fremst geymslueining (þó ekki fyrr en í tækið hefur verið settur harður diskur) og vinni ekki sem gagnavinnsluvél.

Það er rétt ábending hjá kæranda að í íslenska lagatextanum, vörulið 8521 er eingöngu talað um mynd. Í skýringabókum Alþjóðatollasamvinnuráðsins við tollskrá við vörulið 8521 segir: The heading also includes apparatus which record generally on a magnetic disc, digital code representing video images and sound, by transferring the digital code from an automatic data processing machine (e.g. digital video recorders)”. Í íslenskri þýðingu: Undir númerið fellur einnig búnaður til upptöku, oftast á seguldisk á stafrænum kóða fyrir myndefni og hljóð, með því að yfirfæra hinn stafræna kóða frá sjálfvirkri gagnavinnsluvél (t.d. stafrænum myndupptökutækjum).

Þegar allt framangreint er virt eru nefndarmenn sammála um að tækjum þessum sé best lýst í tnr. 8521.9029. Ríkistollanefnd tekur því undir rökstuðning tollstjóra sem fram kemur í hinu kærða álitu hans og vísan til túlkunarreglna tollskrár númer 1 og 6 við tollflokun á umræddum tækjum.

Kærandi kvartar undan því að tollstjóri brjóti stjórnarsýslulög nr. 37/1993. Umkvörtun kæranda lýtur að því að í umsögn tollstjóra sem svar við kæru kæranda fer tollstjóri m.a. að vísa í aths. 2a við tollskrá um ófullgerðar vörur. Þar sem ríkistollanefnd er ósammála tollstjóra að þessu leyti og úrskurðar m.a. á grundvelli sjónarmiða í upphaflegu Bindandi álitu tollstjóra verður ekki séð að meint brot tollstjóra á stjórnarsýslulögum á síðari stigum málsins hafi nein áhrif í þessu máli. Samkvæmt framansögðu telur ríkistollanefnd ekki ástæðu til að fara efnislega ofan í þessar umkvartanir kæranda. Með vísan til ofanritaðs kveður ríkistollanefnd upp eftirfarandi úrskurð: Með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 er tollflokun TViX hýsinga í tnr. 8521.9029 sem birt var í “Bindandi upplýsingar um tollflokun vöru”, dags. 17 júlí 2006, staðfest.